

18. október 2017

Fjármálareikningar 2005–2016 *Financial accounts 2005–2016*

Samantekt Heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins námu 1.133% af vergri landsframleiðslu (VLF) samanborið við fjárskuldbindingar sem námu 1.163% af VLF, samkvæmt niðurstöðum fjármálareikninga fyrir 2016.

Í fjármálareikningum er sérstök áhersla á fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra. Í heild námu fjáreignir fjármálafyrirtækja tæplega sexfaldri landsframleiðslu í árslok 2016. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð, sem hafa verið birt sem sérstakur undirgeiri og verið umfangsmikil í íslenska fjármálakerfinu eftir hrun fjármálakerfisins, hafa nú verið gerð upp að öllu leyti. Bundnar fjármálastofnanir eru birtar sem sérstakur undirgeiri og námu heildarfjáreignir þeirra um 180,8% af landsframleiðslu í árslok 2016.

Ný viðbót við gagnasafn fjármálareikninga í ár eru upplýsingar um skuldbindingar erlendra tryggingafélaga og niðurbrot á viðeigandi réttihafa á Íslandi.

Heildarfjáreignir lífeyrissjóða námu 3.512,5 mö. kr. í árslok 2016 sem samsvarar 143,4% af VLF en fjármálareikningarnir gefa góða heildarsýn yfir breytingar á eignasafni þeirra.

Samkvæmt fjármálareikningum voru hreinar fjáreignir hins opinbera neikvæðar um tæpa 941,4 ma. kr. í árslok 2016 sem jafngildir um 38,4% af VLF.

Í árslok 2016 stóðu fjáreignir heimila í 5.631,1 mö. kr. en heildarfjárskuldbindingar þeirra töldu 1.929,9 ma. kr. Af fjáreignum heimilanna eru lífeyrisréttindi hæst eða 4.298,7 ma. kr. í árslok 2016 en fastafjármunir eins og fasteignir eru ekki meðtaldir í reikningunum. Þessi niðurstaða gefur því ekki heildarsýn á eiginfjárstöðu heimilanna.

Tölur vegna fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja fyrir árið 2016 eru bráðabirgða þar sem gögn eru ekki tiltæk fyrr en í desember. Endanlegar tölur verða gefnar út apríl 2018.

Inngangur

Fjármálareikningar eru flokkaðir eftir þátttakendum á fjármálamarkaði (efnahagsgeirum) og fjármálagerningum. Þeir ná til stofnstærða fjáreigna og -skuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins og flæðistærða fyrir allt hagkerfið. Flæðistærðir má sundurliða í viðskiptafærslur, endurmat og aðrar magnbreytingar. Þær tímaraðir sem birtar eru og fjallað er um í þessari útgáfu ná yfir 12 ára tímabil, það er frá 2005–2016.¹ Niðurstöður eru birtar á verðlagi hvers árs en ekki sem

¹ Nálgastr má fjármálareikninga aftur til ársins 2003 á vefsvæði Hagstofunnar, bæði stofn- og flæðistærðir sundurliðaðar niður á efnahagsgeira og fjármálagerninga. Í viðauka má sjá brot af þeim tímaröðum sem birtar eru.

samstæður (*e. consolidated*). Hagkerfinu er skipt í tvo yfirgeira, annars vegar innlenda aðila og hins vegar erlenda aðila (*e. Rest of the World*) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar á Íslandi.


Fjáreignir íslenska hagkerfisins

Fjáreignir erlendra aðila námu 14.1% af heildarfjáreignum íslenska hagkerfisins

Heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira lækkuðu um 3,14% á milli ára, en þær námu ríflega 27.754,8 mö. kr. í árslok 2016 eða 1.133,4% af VLF. Á sama tíma námu heildarfjáreignir erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins ríflega 4.542,6 mö. kr eða um 185,5% af VLF.

Mynd 1. Heildarfjáreignir og -fjárskuldbindingar innlendra efnahagsgeira

Figure 1. Total financial assets and liabilities of domestic sectors



Nú þegar fjárskuldbindingar slitabúanna hafa verið gerðar upp frá árinu 2015 er hægt að fá skýrari mynd af breytingum á milli ára. Heildarfjárskuldbindingar innlendra aðila hafa minnkað um 3,4% milli ára, en í árslok 2016 námu þær 28.491,4 mö. kr. eða um 1.163% af VLF. Á sama tíma námu fjárskuldbindingar erlendra aðila hér á landi 3.797,6 mö. kr. eða rúmum 155% af VLF.


Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki

Efnahagsgeirinn fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki nær til fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri en fjármálastarfsemi og starfsemi opinberra aðila. Ekki er gerður greinarmunur á fyrirtækjum eftir atvinnugreinum að öðru leyti. Hér er því um að ræða fjölbreytta atvinnustarfsemi sem spannar allan hefðbundinn atvinnurekstur.

Gögn fyrir fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki eru ekki tiltæk fyrr en í desember ár hvert og því er um nálgun að ræða í þessari útgáfu fyrir árið 2016. Nálgunin felst í því að gögn ársins 2015 eru uppfærð með verðbreytingum á vísitölu neysluverðs. Raungögn 2016 fyrir þennan efnahagsgeira verða birt í apríl 2018.

Mynd 2. Fjáreignir og -skuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 2. Total financial assets and liabilities of Non-financial institutions



Fjármálareikningar ná ekki til fastafjármuna og annarra efnislegra eigna

Þegar rýnt er í þróun fjármálastærða af þessu tagi er mikilvægt að gera sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum þeirra niðurstaðna sem birtar eru. Hér er einungis tekið tillit til óefnislegra eigna og skulda, það er fjáreigna og -skuldbindinga. Ekki er horft til annarra eigna á borð við fasteignir, vélar og tæki eða annarra fasta- og rekstrarfjármuna sem fyrirtæki ráða yfir. Í fjármálareikningunum er ekki tekið tillit til innbyrðis skulda milli fyrirtækja innan sömu samstæðu, það er reikningarnir eru ekki birtir sem samstæður (*e. consolidated*). Þannig getur verið um nokkra tvítalningu að ræða ef mikið er um fjármálagerninga milli dóttur- og móðurfélaga. Eignarhaldsfélög eru birt sem sér efnahagsgeiri undir fjármálafyrirtækjum sem dregur úr þeim vanda að töluverðu leyti.

Fjármálafyrirtæki

Ítarlega sundurliðun á starfsemi fjármálafyrirtækja er að finna í fjármálareikningum. Þessi sundurliðun kemur sér vel í umfjöllun um íslenskan fjármálamarkað enda er markaðurinn fjölbreyttur og umfangsmikill þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé síðan Ísland gekk í gegnum hina miklu fjármálakreppu.

Í fjármálareikningum fellur starfsemi fjármálafyrirtækja undir efnahagsgeirann S.12 sem skiptist í tíu² undirflokk. Yfirlit yfir heildarfjáreignir allra undirflokka fjármálafyrirtækja má sjá í töflu 3 í viðauka. Í þeirri töflu sést vel umfang og fjölbreytileiki íslenska fjármálakerfisins.

Í árslok 2016 námu heildarfjáreignir fjármálageirans alls tæpum 15.453 mö. kr. sem svarar til 631% af landsframleiðslu. Þar af eru heildarfjáreignir hefðbundinna innlánastofnanna tæpir 3.339,2 milljarðar. Við uppgjör slitabúanna dreifðust hlutar fjáreigna og -skulda þeirra milli fjármálageira, og þá helst í ‚bundin‘ (*e. captive financial institutions*) og ‚önnur‘ (*e. other financial intermediaries*) fjármálafyrirtæki.


² Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru flokkuð sem tíundi undirgeiri fjármálafyrirtækja, S.125X. Nálágast má tíma- raðir fyrir fjármálafyrirtæki í slitameðferð á vefsvæði fjármálareikninga á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Innlánsstofnanir

Heildareignir innlánastofnanna stóðu nokkuð í stað frá árinu 2015 til 2016 og lækkuðu þær um 0,1%, en heildarfjárskuldbindingar lækkuðu um 3,2% árið 2016. Verðbréf önnur en hlutabréf hjá innlánastofnunum lækkuðu um 29% frá árinu 2015 til 2016 en lán innlánastofnanna hækkuðu um 3% á sama tímabili.

Mynd 3. Fjáreignir innlánastofnana


Figure 3. Financial assets of deposits taking corporations



Á árunum 2006 og 2007 einkenndist fjármögnun innlánastofnana af skuldabréfa- og lánsfjármögnun en í kjölfar bakslags („litlu krísunnar“) árið 2006 varð sú breyting að aukin áhersla var lögð á breytta fjármögnun sem leiddi til þess að bankarnir hófu mikla innlánssöfnun erlendis sem að stórum hluta tengdist *Icesave*-reikningum Landsbankans.

Mynd 4. Fjárskuldbindingar innlánastofnana

Figure 4. Financial liabilities of deposit taking corporations



Eftir fall bankanna verða mikil umskipti á umfangi og samsetningu bankakerfisins hér á landi. Þessi umbreyting er nú að fullu frágengin. Nýja bankakerfið er á margan hátt ólíkt hinu fyrra bæði hvað varðar samsetningu eigna og skulda. Í raun

má segja að íslenska bankakerfinu svipi nú meira til þess sem var áður en útrásin hófst. Bæði heildarfjáreignir og -skuldbindingar innlánastofnana hafa farið lækkanandi undanfarin ár en í árslok 2016 námu þær rúmlega 140% af landsframleiðslu.

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð


Fjármálafyrirtæki í slitameðferð gerð upp að fullu á árinu

Árið 2016 markar þau tímamót að fjármálareikningar fjármálafyrirtækja í slitameðferð hafa nú verið gerðir upp að fullu. Niðurstöður efnahagsreikninga þeirra hafa verið birtir sem sérstakur undirgeiri fjármálafyrirtækja og eru tímaráðir þeirra tiltækar á vefsvæði fjármálareikninga Hagstofunnar. Þess ber að geta að þegar tímaráðir fyrir þennan efnahagsgeira eru skoðaðar má sjá jákvæðar viðskiptafærslur en þær endurspeglar áfallna vexti.

Árið 2009 voru heildarfjáreignirnar fyrirtækja í slitameðferð 222,5% af landsframleiðslu en árið 2015 var hlutur þeirra kominn í 58%. Á sama tíma höfðu fjárskuldbindingarnar einnig lækkað jafnt og þétt. Í árslok 2009 voru fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð 666% af landsframleiðslu en í árslok 2015 var hlutur þeirra 16%. Á árinu 2015 var gengið frá samkomulagi við gömlu bankana um uppgjör og slit þrotabúanna sem m.a. fólu í sér umtalsverðar greiðslur í formi stöðugleikaframlags til ríkisins. Nú hefur verið gengið frá öllum atriðum uppgjörins að fullu og þær fjáreignir sem eftir voru árið 2015 gerðar upp að fullu.

Mynd 5. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð

Figure 5. Financial institutions in winding-up proceedings




Bundnar fjármálastofnanir

Árið 2016 námu heildarfjáreignir bundinna fjármálastofnanna 4.426,8 mö. kr. eða 180,8% af landsframleiðslu. Á sama tíma námu heildarfjárskuldbindingar tæplega 3.949,4 mö kr. eða 161% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Fjáreignir og -skuldbindingar bundinna fjármálastofnanna

Figure 6. Financial assets and liabilities of captive financial institutions




Uppgjör bundinna fjármálastofnana miðast við tímabilið frá og með 2008. Stefnt er að því að birta nákvæmari upplýsingar um þennan geira í komandi útgáfum, þar á meðal tímaraðir fyrir 2003–2007. Eins og í síðustu útgáfu eru bundnar fjármálastofnanir talda með fyrirtækjum öðrum en fjármálastofnunum (S.11) fyrir það tímabil.

Þegar hlutfallsleg skipting fjáreigna er skoðuð sést að langstærstur hluti þeirra er bundinn sem hlutafé annað en eigið fé og hefur sá hluti farið vaxandi. Framan af tímabilinu voru viðskiptakröfur einnig talsvert hátt hlutfall eignanna en sá þáttur hefur dregist mjög saman seinustu ár.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting fjáreigna bundinna fjármálastofnanna


Figure 7. Division of financial assets of captive financial institutions



Langstærsti hluti skulda árin 2015 og 2016 voru hlutafé og annað eigið fé, en hlutfall þeirra hefur staðið í stað frá fyrra tímabili og var 75,8% af heildarskuldum í lok árs 2016, eins og sést á mynd 9.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting fjárskuldbindinga bundinna fjármála-fyrirtækja

Figure 8. Division of financial liabilities of captive financial institutions




Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðir mynda mikilvæga kjölfestu á markaðnum og hafa sviptingar á fjármálamarkaði töluverð áhrif á stöðu þeirra. Þessar breytingar koma einkum fram í fjáreignum enda eru fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna að langmestu leyti lífeyrisréttindi sjóðsfélaga. Heildarfjáreignir lífeyrissjóðanna í árslok 2016 námu rúnum 3.512,5 mö. kr. sem samsvarar 143,4% af landsframleiðslu, sem er hátt í alþjóðlegum samanburði líkt og sést á mynd 10. Þess ber þó að geta að lífeyrissjóðakerfin eru mjög mismunandi milli landa.

Mynd 9. Fjáreignir lífeyrissjóða sem hlutfall af VLF

Figure 9. Pensions funds' assets as % of GDP




Heimild Source: OECD.

Fjármálareikningar gefa góða heildarsýn á breytingar á eignasafni lífeyrissjóða frá ári til árs. Stærsti hluti eigna lífeyrissjóða eru verðbréf önnur en hlutabréf. Neikvæð áhrif í tengslum við eignabruna fjármálahrunsins koma fram árið 2008. Þá lækkuðu tveir stærstu eignaflokkar lífeyrissjóðanna, þ.e. verðbréf önnur en hlutabréf og hlutafé og annað eigið fé.

Mynd 10. Fjáreignir lífeyrissjóða

Figure 10. Financial assets of pension funds



Fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar við sjóðfélaga, en íslenska lífeyrisherfið er næstum að fullu fjármagnað (*e. fully funded*) í gegnum iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og ávöxtun fjárfestinga.


Hið opinbera

Eignir hins opinbera aukast hraðar en fjárskuldir

Hið opinbera samanstendur af þremur undirgeirum, ríkinu, sveitarfélögum og almannatryggingum. Ríkið nær yfir bróðurpartinn af hinu opinbera eða um 86,4% af heildarfjáreignum og ríflega 81,4% af heildarfjárskuldbindingum miðað við árslok 2016. Fjáreignir hins opinbera stóðu í ríflega 1.319,3 mö. kr. og heildarfjárskuldbindingar hins opinbera stóðu í 2.260,7 mö. kr. í árslok 2016. Hreinar fjáreignir hins opinbera voru því neikvæðar um tæpa 941,4 ma. kr. í árslok 2016 sem jafngildir um 38,4% af VLF.

Mynd 11. Fjárskuldbindingar hins opinbera

Figure 11. Financial liabilities of the general government



Verðbréf önnur en hlutabréf stóðu í 938,8 mö. kr. í árslok 2016 og lántökur í 450,8 mö. kr. á sama tíma.

Heimili

Hreinar fjáreignir heimila jukust um 12% milli 2015 og 2016

Fjáreignir heimila stóðu í 5.631,1 mö. kr. í árslok 2016. Stærsti hluti þess eru kröfur heimila á lífeyrissjóði og váttryggingafélög, það er að segja lífeyrisréttindi og kröfur vegna skaða- og líftrygginga. Þær kröfur námu alls 4.298,7 mö. kr. í árslok 2016, eða um 76,3% af heildarfjáreignum heimila.

Heildarfjárskuldbindingar heimila í árslok 2016 voru 1.929,9 ma. kr. og má rekja 97,1% þeirra til lántöku. Hreinar fjáreignir voru því jákvæðar um 3.701,2 ma. kr. í árslok 2016 en helsta ástæðan fyrir því eru fyrrnefndar váttryggingakröfur og lífeyrisréttindi. Fjárhagsleg staða heimila því sterk á þennan mælikvarða. Rétt er þó að benda á að lífeyrisréttindin falla til sem tekjur í framtíðinni, en án þeirra eru fjáreignir heimila neikvæðar um 597,5 ma. kr. í árslok 2016.


Tekið skal fram að í fjármálareikningunum eru fasta- og rekstrarfjármunir ekki meðtaldir. Samspil fjáreigna og annarra eigna á borð við fasteignir er það sem ákvarðar heildareignastöðu heimilanna. Fasteignir og ökutæki hafa mikil áhrif á eiginfjárstöðuna, en í skattframtölum einstaklinga eru þær metnar á 4.084,5 ma. kr. árið 2016³, en eru eins og fyrr segir ekki taldar með í fjármálareikningum.

Hlutfall fjáreigna af landsframleiðslu var 230% í árslok 2016.

³ Skv. tölum um skuldir og eignir einstaklinga. Sjá heimasíðu Hagstofu Íslands, http://px.hagstofa.is/pxen/pxweb/en/Efnahagur/Efnahagur_thjodhagsreikningar_skuldastada_heimili/THJ09003ens.px.

Mynd 12. Fjáreignir heimila sem hlutfall af VLF


Figure 12. Financial assets of households as a percentage of GDP



Svo virðist sem lántökur heimila lækki á milli 2007–2008 sem má rekja til þess að viðskiptabankarnir tóku yfir lánasafn gömlu bankanna og skráðu upphaflega á lægra bókfærðu virði. Í takt við endurskipulagningu, uppgjör gömlu bankanna og áætlanir um innheimtu hefur lánastofninn verið uppfærður á ný í bókum bankanna. Hægt er að skoða flæðistærðirnar til að fá hugmynd um breytingar á stofnstærðunum, en þar sem ekki eru birt mótgeiragögn en einungis um að ræða samtölu á viðskiptafærslum, magnbreytingum s.s. afskriftum og endurútreikningi, og endurmati vegna verð- og gengisbreytinga.

Mynd 13. Fjárskuldbindingar heimila sem hlutfall af VLF

Figure 13. Financial liabilities of households as a percentage of GDP



Um fjármálareikninga

Fjármálareikningar eru nú gefnir út í þriðja sinn í núverandi mynd, það er samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, ESA 2010 (e. *European System of Accounts*). Nánari upplýsingar um staðalinn er að finna í Hagtíðindum útgefnum 28. október 2015.

Tilgangur fjármálareikninga er að setja fram tölulegt yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldbindingar íslenska hagkerfisins, brotið niður á yfir- og undirgeira. Auk þess má finna upplýsingar um flæðistærðir þessara geira, sem eru viðskiptafærslur, aðrar magnbreytingar og endurmat á fjármálagerningum.

Grunnvinnsla fjármálareikninga er í höndum Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands en lokafrágangur og afstemming reikninganna, vegna stofn- og flæðistærða, er á ábyrgð Hagstofunnar.

Til frekari upplýsinga er bent á lýsigögn fjármálareikninga. Lýsigögnin má nálgast á vefsvæði þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Framleiðsla og útgáfufæri

Fjármálareikningar eru birtir tvisvar á ári í samræmi við skilaskyldu Hagstofunnar við Eurostat. Árleg bráðabirgðagögn eru gefin út með 9 mánaða tímatöf, það er í lok september á hverju ári og lokagögn birt með 15 mánaða tímatöf, í mars. Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana fylgir í kjölfar þessara birtinga. Fjármálareikningarnir eru aðgengilegir á íslensku og ensku á vef Hagstofunnar.

Fyrirvari

Fjármálareikningarnir eru þróunarverkefni í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á Hagstofu Íslands.

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn hvers geira við mótgögn (e. *counterpart data*) annarra geira. Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gernings þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánardrottni og skuldunaut. Ýmsar prófanir eru gerðar til að skýra þennan mismun. Algengast er að ósamræmi sé í skilgreiningum á fjármálagerningum, að tímasetning viðskiptafærslna sé ekki sú sama og notuð er við reikningsskil eða að mismunandi aðferðum sé beitt við matið.

Erfitt er að draga upp rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2007–2009 vegna vandamála við gögn í kjölfar fjármálahrunsins en glögglega má sjá straumhvörf (e. *structural break*) í flestum tímaröðum á þessum tíma. Vandasamt hefur verið að meta eignir og skuldir á þessu tímabili þar sem ekkert raunverulegt markaðsvirði er til staðar. Fall krónunnar og stöðugar sveiflur gjaldmiðilsins auka einnig misræmi í birtum gögnum. Þá voru gögn fjármálastofnanna minna sundurliðuð á fyrri árum sem hefur gert geiraflokkun vandasamari.

Misræmi er einnig í gögnum frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og fjármálastofnunum en í innsendum efnahagsyfirlitum fjármálafyrirtækja í slitafæri koma allar kröfur fram sem gerðar eru í þrotabúin. Eigendur þessara krafna hafa aftur á móti lækkað hluta af kröfunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að allt innheimtist. Hafa bera í huga að tölur um lán eru á bókfærðu virði eins og það kemur fyrir í efnahagsreikningum innlánsstofnana.

Þá munar nokkru á niðurstöðum frumgagna fjármálareikninga sem fást frá hinu opinbera og fjármálafyrirtækjum og gögnum úr skattframtölum frá RSK. Munurinn er einna helst á tölulegum upplýsingum um verðbréf og lán sem rekja má til mismunandi skilgreininga á gerningunum, mismunandi uppgjörstímabila og gengis. Reynt hefur verið að draga úr þessum mismun eftir fremsta megni en við framtíðarvinnslu reikninganna þarf að rannsaka betur af hverju hann stafar.

English summary

Total financial assets of Iceland's domestic sectors stood at ISK 27,755 billion, accounting for 1,113% of GDP, while financial liabilities stood at ISK 28,491 billion, accounting for 1,163% of GDP at the end of 2016. In terms of GDP between the years 2015 and 2016, the outstanding stock of financial assets decreased by 3.1% and the liabilities by 3.4% over this period.

The non-financial corporations stocks of assets and liabilities registered a increase in 2016 from the previous year, at roughly 1.9% and 2.2% respectively, and stood at ISK 5,292.3 billion and ISK 9,117.2 billion respectively.

Assets of the financial corporations sector stood at ISK 15,453 billion while liabilities stood at ISK 15,175 billion at the end of 2016. The total liabilities registered a decline at the end of 2016 from the previous year at 7.1%, to some extent to write-offs of debts of the banks that have been undergoing the winding-up process in the last few years.

The general government financial assets and liabilities' stock stood at ISK 1,319.3 billion (53.9% of GDP) and ISK 2,260.7 billion (92.3% of GDP), respectively, at the end of 2016.

The total financial assets of the households sector stood at ISK 5,631 billion and liabilities at ISK 1,930 billion at the end of 2016. Households' stocks of financial assets increased by 8.2% while those of liabilities increased by 2.2% between the years 2015 and 2016. The households' borrowings amounted to ISK 1,874 billion, while their holdings of cash and deposits stood at ISK 745 billion at the end of 2016. Households' pensions accumulated to ISK 4,299 billion, or 176% of the GDP, in 2016.

The financial assets of rest of the world against Iceland stood at ISK 4,543 billion and liabilities at ISK 3,798 billion, or 186% of GDP and 155% of GDP, respectively, in 2016.

A brief note on methodology

Icelandic financial accounts follow the European System of Accounts 2010 regulations (ESA 2010).

The accounts have been developed as a result of collaboration between Statistics Iceland and the Central bank of Iceland with each institution specializing in a specific economic sector. Statistics Iceland is responsible for balancing and finalizing the accounts. This is done in a 'whom-to-whom' matrix format, providing information on both the sectors involved in an economic transaction (debtor and creditor sectors).

Financial balance sheets, government financial data and aggregated tax return statements are the primary data sources for assets and liabilities of various sectors. These data are reconciled to provide a more precise picture for the holding and issuing of each asset and liability stock in the economy.

The data for non-financial institutions for 2016 is on preliminary basis. Revised dataset is scheduled to be published in April 2018. The recent implementation of the Business Register at Statistics Iceland has strengthened the classification of data for all the sectors. However, sub-sector captive financial institutions have been assimilated in the non-financial corporations sector prior to (and including) 2007. After 2007, these institutions stand alone as a sub-sector of financial institutions.

Tafla 1. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Allir innlendir geirar 2005–2016Table 1. *Total financial assets and liabilities: Total resident sectors 2005–2016*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	3.162.929	40.963	358.715	12.944.064	3.914.908	-248.225	313.346	14.075.672
2006	4.894.273	772.830	684.285	19.295.453	6.007.356	456.463	501.890	21.041.381
2007	9.908.913	-1.905.911	821	27.299.276	11.988.084	-3.756.849	11.001	29.283.617
2008	1.006.472	-1.054.286	1.635.917	28.887.380	13.086.076	-3.856.872	1.866.027	40.378.847
2009	-3.984.772	1.250.309	1.699.475	27.852.391	-3.793.911	131.750	1.393.392	38.110.078
2010	-1.056.507	-35.916	73.206	26.833.173	-480.185	-283.323	-451.658	36.894.911
2011	-760.020	-1.337.565	153.687	24.889.274	-1.121.693	-1.736.591	-85.115	33.951.512
2012	-794.203	597.320	399.461	25.091.852	-1.855.700	-744.040	24.313	31.376.085
2013	-272.540	-496.145	402.976	24.726.144	-82.566	-936.299	38.187	30.395.407
2014	15.664	1.031.496	-40.326	25.732.979	785.638	566.216	-905.180	30.842.081
2015	1.249.200	1.617.319	55.117	28.654.615	-2.205.931	645.960	211.532	29.493.642
2016	-1.111.417	457.752	-246.179	27.754.771	-933.628	69.703	-138.296	28.491.420

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.***Tafla 2. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki 2005–2016**Table 2. *Total financial assets and liabilities: Non-financial institutions 2005–2016*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	1.511.085	-311.410	1.117	3.787.777	1.507.930	-292.142	133.909	4.932.526
2006	1.425.650	913.689	7.711	6.134.827	2.134.073	701.904	138.897	7.907.399
2007	5.746.260	-1.484.411	-2.892	10.393.785	6.195.946	-2.020.286	105.433	12.188.492
2008	-2.875.558	30.095	-24.037	7.524.285	-1.593.601	209.396	311.491	11.115.777
2009	-1.699.035	214.615	-80.956	5.958.909	-2.383.791	1.937.290	454.363	11.123.639
2010	-430.380	693.406	23.886	6.245.822	-1.099.085	935.661	-109.057	10.851.158
2011	-206.133	-784.362	732	5.256.058	-233.571	-1.392.477	41.882	9.266.992
2012	-619.580	531.658	-33.694	5.134.442	-1.087.521	641.321	105.876	8.926.667
2013	-469.378	-147.048	33.781	4.551.796	171.404	-854.827	151.501	8.394.745
2014	-934	790.969	3.047	5.344.878	920.026	144.241	-130.043	9.328.968
2015	-439.499	393.221	-104.410	5.194.190	666.358	-1.076.694	3.155	8.921.787
2016	-678.573	805.694	-28.963	5.292.348	-92.864	302.405	-14.141	9.117.186

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2016
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2016

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Fjármálafyrirtæki alls								
<i>Financial corporations total</i>								
2005	1.338.167	343.017	238.076	6.522.776	2.226.015	47.239	194.652	7.461.920
2006	2.790.219	-300.287	613.098	9.625.807	3.479.174	-177.435	307.328	11.070.986
2007	3.632.854	-296.052	-62.426	12.900.183	5.553.470	-1.762.154	-87.933	14.774.369
2008	3.358.004	-1.147.399	1.668.160	16.778.948	14.052.666	-4.067.907	1.183.189	25.942.317
2009	-2.616.768	1.040.405	1.796.759	16.999.343	-1.685.144	-1.776.208	800.357	23.281.322
2010	-794.049	-666.467	90.815	15.629.643	490.076	-1.135.797	-298.721	22.336.880
2011	-733.985	-569.119	105.089	14.431.628	-1.072.097	-426.902	-204.739	20.633.142
2012	-360.967	195.783	345.742	14.612.186	-786.626	-1.385.249	-133.775	18.327.492
2013	-9.445	-323.280	329.888	14.609.348	-361.065	-83.454	-42.820	17.840.153
2014	-432.849	298.293	-162.197	14.312.595	-143.479	408.024	-841.938	17.262.760
2015	1.504.742	1.116.489	98.735	17.032.562	-2.680.512	1.582.945	176.070	16.341.263
2016	-920.017	-431.769	-227.600	15.453.176	-746.970	-308.357	-111.127	15.174.808
Seðlabanki Íslands								
<i>Central Bank of Iceland</i>								
2005	54.234	2.344	-4.199	170.569	56.013	4.849	-230	167.221
2006	174.385	-17.004	3.540	331.491	155.133	263	4.156	326.774
2007	179.339	-19.505	-3.607	487.718	1.816.683	-1.660.258	-1.465	481.734
2008	650.232	-96.075	165.884	1.207.759	653.166	1.457	55.986	1.192.343
2009	-255.054	-46.069	290.231	1.196.867	-188.180	961	177.712	1.182.837
2010	168.080	-4.939	-4.286	1.355.722	166.627	-2.056	-14.466	1.332.942
2011	237.520	-11.221	22.759	1.604.780	255.092	1.128	1.261	1.590.422
2012	-537.534	4.802	28.124	1.100.171	-528.477	-782	18.405	1.079.568
2013	-3.924	-47.023	-11.431	1.037.793	-61.796	2.610	-12.006	1.008.377
2014	-12.977	-26.191	-4.315	994.310	-24.116	41.048	-63.463	961.846
2015	14.075	6.118	-17.344	997.159	-3.324	-440	-5.158	952.923
2016	113.118	-88.440	-66.215	955.622	-17.281	20.085	-50.458	905.269
Innlánsstofnanir								
<i>Other deposit taking corporations</i>								
2005	917.264	387.929	12.749	3.606.086	1.809.386	20.159	-10.839	4.328.766
2006	2.116.729	-272.185	273.510	5.724.141	2.785.091	-160.659	131.912	7.085.110
2007	2.922.073	60.745	-53.994	8.652.965	2.967.351	303.703	6.069	10.362.233
2008	7.708.671	-11.623.425	1.656.229	6.394.440	3.945.802	-8.508.339	1.599.842	7.399.539
2009	-1.958.857	-290.939	1.281.651	5.426.294	-2.078.949	-485.396	630.555	5.465.749
2010	-542.661	-21.283	-40.254	4.822.096	-403.459	-24.768	-125.460	4.912.062
2011	-449.071	-230.234	-26.607	4.116.183	-991.303	39.164	8.437	3.968.360
2012	-345.680	-176.150	13.131	3.607.484	-363.789	-17.877	950	3.587.644
2013	-31.322	-39.734	93.947	3.630.375	-24.246	-41.613	33.611	3.555.397
2014	-305.836	30.466	-72.776	3.282.229	-244.260	-65.273	-13.171	3.232.693
2015	43.906	-36.374	51.530	3.341.291	211.868	161.728	8.436	3.614.724
2016	77.469	2.554	-82.151	3.339.164	-56.062	-9.676	-48.765	3.500.221

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2016 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2016 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Peningamarkaðssjóðir								
<i>Money market funds</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	0	-3	3	0	0	0	0	0
2009	7.220	3	-3	7.220	0	0	0	0
2010	-7.220	-3	3	0	0	0	0	0
2011	0	3	-3	0	0	0	0	0
2012	15.263	0	0	15.263	19.624	0	0	19.624
2013	6.536	0	0	21.799	4.064	-104	2.864	26.449
2014	26.670	2.259	0	50.727	21.594	0	2.794	50.837
2015	41.636	0	0	92.363	42.227	-531	0	92.534
2016	84.237	0	0	176.600	91.264	-8.530	1.981	177.249
Verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóðir								
<i>Non-money market investment funds</i>								
2005	76.468	-1.800	21.077	371.718	-59.642	0	165.214	382.146
2006	70.852	-3.250	14.577	453.898	18.722	-1	53.036	453.903
2007	249.613	11.812	-28.689	686.634	247.107	0	-4.251	696.758
2008	-443.930	17.667	-38.540	221.831	147.518	-6.330	-606.698	231.248
2009	-16.929	-7.152	10.559	208.309	11.133	1.184	-27.051	216.514
2010	68.128	-37.365	45.445	284.518	39.098	4.117	27.127	286.856
2011	98.188	15.825	-1.423	397.108	76.302	-2.399	5.700	366.459
2012	63.560	-43.809	-27.730	389.129	-37.785	134	49.362	378.169
2013	31.733	1.380	1.861	424.103	-65.724	642	108.507	421.594
2014	-18.168	12.731	8.470	427.135	-41.730	15.802	40.499	436.165
2015	54.936	21.688	-48	503.711	75.325	-5.772	6.347	512.065
2016	-13.099	1.302	-14.226	477.688	19.402	-9.529	-19.139	502.799
Önnur fjármálafyrirtæki								
<i>Other financial intermediaries</i>								
2005	174.362	-24.230	39.541	1.007.706	182.073	-1.275	40.508	1.216.739
2006	400.109	-5.715	30.207	1.432.307	209.611	-20.793	118.223	1.523.779
2007	318.344	-535.313	-2.869	1.212.469	331.149	-399.627	-88.286	1.367.015
2008	521.392	69.190	-15.345	1.787.706	496.773	-295.857	-38.286	1.529.645
2009	-32.301	711.369	21.140	2.487.913	-311.254	370.831	11.345	1.600.567
2010	-114.587	-865.642	-14.710	1.492.973	36.402	-231.179	135.499	1.541.289
2011	-64.149	-46.776	3.230	1.385.278	-52.051	-27.138	66.601	1.528.701
2012	-1.622	13.786	3.534	1.400.977	-123.547	-11.727	87.846	1.481.273
2013	11.273	-18.568	7.659	1.401.342	-65.626	-13.903	94.203	1.495.947
2014	-50.948	-14.036	16.830	1.353.187	-81.848	50.747	18.693	1.483.540
2015	622.572	1.941.408	-8.288	3.908.879	7.919	2.164.934	135.124	3.791.517
2016	-1.496.376	-20.628	-28.910	2.362.965	-1.143.054	-294.792	41.733	2.395.404

Tafla 3. Heildarféjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2016 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2016 (cont.)

	Heildarféjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð								
<i>Financial corporations in winding-up proceedings</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	-7.939.515	10.805.093	0	2.865.578	6.612.096	4.837.804	0	11.449.900
2009	-109.987	775.503	5.813	3.536.907	734.240	-1.318.702	-284.188	10.581.249
2010	-45.238	-343.253	12.076	3.160.492	1.421.437	-965.139	-302.134	10.735.413
2011	-122.108	-49.115	-52.182	2.937.087	-473.626	-645.560	-287.720	9.328.508
2012	-109.542	219.770	90.672	3.137.987	-484.024	-1.253.606	-297.809	7.293.068
2013	-98.904	-46.197	42.878	3.035.764	-423.913	108.381	-272.459	6.705.077
2014	-490.523	101.048	-7.659	2.638.630	-214.221	327.525	-834.064	5.984.317
2015	-1.330.789	-934.357	-22.991	350.492	-4.153.593	-1.830.679	-46	0
2016	-18.481	-292.768	-39.243	0	17	-17	0	0
Þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki								
<i>Financial auxiliaries</i>								
2005	0	0	0	0	0	383	0	383
2006	0	0	0	0	0	-383	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	148.805	53.334	0	202.138	276.360	69.036	0	345.396
2009	-66.997	-41.583	0	93.559	45.034	139.527	0	529.956
2010	-4.067	-8.195	0	81.297	-288.468	-156.916	0	84.572
2011	-12.734	-1.868	0	66.694	157	-15.199	0	69.531
2012	-21.835	-16.901	0	27.958	-40.675	3.300	0	32.156
2013	8.352	-4.952	0	31.357	12.930	-8.725	0	36.361
2014	250	-619	0	30.989	7.554	-2.485	0	41.430
2015	13.485	18.868	-83	63.258	13.004	17.114	2.050	73.598
2016	-21.603	9.260	-1.153	49.762	-11.311	-7.741	-932	53.614
Bundin fjármálafyrirtæki								
<i>Captive financial institutions</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	2.847.708	-559.225	20.561	2.309.044	1.954.098	-134.559	171.909	1.991.448
2009	-373.405	13.109	44.744	1.993.493	-61.141	-535.172	290.813	1.685.948
2010	-353.094	653.039	-2.876	2.290.561	-351.438	-11.596	-19.286	1.303.628
2011	-431.561	-429.301	345	1.430.044	-67.227	48.824	982	1.286.207
2012	521.756	383.151	7.175	2.342.125	503.675	70.488	5.859	1.866.230
2013	-22.820	-153.581	-2.514	2.163.211	-11.460	-125.408	2.466	1.731.828
2014	140.675	140.448	-12.769	2.431.565	184.736	54.681	-1.798	1.969.447
2015	1.757.699	176.141	-384	4.365.021	666.564	1.208.886	27.709	3.872.606
2016	70.898	-5.988	-3.135	4.426.796	16.471	98.022	-37.710	3.949.389

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2016 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2016 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>			Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>				
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Tryggingafélög								
<i>Insurance corporations</i>								
2005	13.652	-3.172	25.648	135.960	5.245	28.671	0	135.929
2006	4.308	15.287	15.398	170.953	25.200	7.273	0	168.403
2007	-21.075	911	-2.179	148.609	-2.132	-11.431	0	154.840
2008	14.138	8.692	-59.898	111.540	3.598	-34.987	435	123.887
2009	29.853	14.081	-1.450	154.024	-21.097	19.786	1.170	123.746
2010	-12.852	-9.813	2.620	133.979	-269.639	278.008	-1	132.115
2011	-731	8.559	725	142.532	262	10.656	0	143.033
2012	-272	3.285	7.745	153.290	2.007	6.915	4	151.959
2013	-5.629	3.300	13.696	164.657	16.109	-7.885	-7	160.176
2014	9.131	-11.003	4.568	167.353	9.465	-12.199	8.571	166.014
2015	-4.516	-24.953	8.661	146.545	106.026	-106.193	1.608	167.455
2016	27.886	-20.310	-2.030	152.090	4.049	4.709	2.163	178.375
Lífeyrissjóðir								
<i>Pension funds</i>								
2005	102.187	-18.053	143.260	1.230.735	232.940	-5.547	0	1.230.735
2006	23.836	-17.421	275.867	1.513.018	285.417	-3.135	0	1.513.018
2007	-15.440	185.299	28.912	1.711.788	193.312	5.459	0	1.711.788
2008	-149.496	177.353	-60.733	1.678.912	-36.745	3.869	0	1.678.912
2009	159.688	-87.917	144.074	1.894.757	185.071	30.774	0	1.894.757
2010	49.463	-29.014	92.798	2.008.004	139.516	-26.268	0	2.008.004
2011	10.663	175.010	158.245	2.351.922	180.296	163.621	0	2.351.921
2012	54.939	-192.150	223.091	2.437.801	266.365	-182.092	1.607	2.437.801
2013	95.261	-17.906	183.792	2.698.948	258.597	2.549	0	2.698.948
2014	268.878	63.191	-94.545	2.936.471	239.346	-1.823	0	2.936.471
2015	291.739	-52.050	87.682	3.263.842	353.472	-26.101	0	3.263.842
2016	255.934	-16.751	9.463	3.512.489	349.535	-100.889	0	3.512.488

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 4. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Hið opinbera og undirgeirar 2005–2016

Table 4. Total financial assets and liabilities: General government and sub-sectors 2005–2016

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Hið opinbera								
<i>General government</i>								
2005	271	45.900	54.634	455.698	-43.787	-3.322	-11.012	554.426
2006	233.817	16.701	17.900	724.117	155.991	-68.004	48.085	690.497
2007	42.384	30.107	50.091	846.699	7.271	25.591	-4.605	718.754
2008	287.657	147.731	104.812	1.386.899	524.566	1.636	297.100	1.542.057
2009	96.760	-26.168	-14.949	1.442.542	227.167	-8.956	48.337	1.808.604
2010	32.027	-107.059	-39.414	1.328.096	194.139	-82.980	-54.626	1.865.137
2011	60.515	-74.016	25.844	1.340.439	156.052	82.968	65.408	2.169.565
2012	-76.084	-394	46.804	1.310.765	-11.438	-4	60.220	2.218.343
2013	-42.624	-4.012	-7.337	1.256.792	-3.590	2.066	-19.344	2.197.474
2014	88.382	-74.277	79.060	1.349.959	53.684	12	66.414	2.317.584
2015	-203.683	-19.508	44.706	1.171.474	-160.494	149.059	25.428	2.331.576
2016	174.597	-9.440	-17.381	1.319.250	-145.681	84.910	-10.155	2.260.651
Ríkið								
<i>Central government</i>								
2005	-10.656	49.121	54.976	338.196	-46.857	-3.279	-12.553	409.164
2006	218.477	23.355	18.024	598.052	87.851	-1.629	35.519	530.905
2007	47.510	25.128	25.466	696.156	23.894	25.596	-8.190	572.205
2008	272.174	136.562	105.920	1.210.812	481.936	1.650	266.202	1.321.994
2009	85.164	-26.329	11.905	1.281.552	214.243	-8.941	40.132	1.567.428
2010	28.256	-107.059	-37.090	1.165.658	175.294	0	-48.665	1.694.057
2011	68.617	-74.016	26.034	1.186.293	165.550	0	60.910	1.920.517
2012	-73.671	-394	44.462	1.156.690	-18.803	0	55.520	1.957.233
2013	-44.177	-4.012	-12.054	1.096.447	-10.827	0	-7.682	1.938.724
2014	65.008	-72.842	112.293	1.200.905	46.159	2.078	46.963	2.033.923
2015	-184.485	-19.508	19.663	1.016.575	-178.538	47.049	28.343	1.930.777
2016	139.148	-9.440	-6.416	1.139.867	-161.013	77.065	-5.975	1.840.853
Sveitarfélög								
<i>Local government</i>								
2005	4.223	0	-39	98.707	3.194	-43	1.541	136.371
2006	7.953	-2.453	-39	104.167	70.524	-66.375	12.566	153.086
2007	-13.071	2.453	24.449	117.998	-21.050	-5	3.585	135.616
2008	3.682	11.169	-284	132.566	27.727	-14	30.898	194.227
2009	8.048	161	-1.704	139.071	22.405	-15	8.205	224.822
2010	-6.771	0	-2.153	130.147	5.740	-82.980	-5.962	141.620
2011	838	0	-519	130.466	5.423	82.968	4.498	234.509
2012	-3.175	0	-265	127.025	5.189	-4	4.700	244.395
2013	66	0	-131	126.960	7.221	2.066	-11.662	242.020
2014	-11.010	-1.445	1.358	115.863	4.997	-2.066	19.451	264.402
2015	3.609	0	-105	119.367	16.844	102.010	-2.915	380.340
2016	11.589	0	148	131.104	9.487	7.846	-4.180	393.493

Tafla 4. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Hið opinbera og undirgeirar 2005–2016 (frh.)
 Table 4. Total financial assets and liabilities: General government and sub-sectors 2005–2016 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Almannatryggingar								
<i>Social security funds</i>								
2005	6.704	-3.221	-302	18.796	-124	0	0	8.891
2006	7.387	-4.201	-85	21.898	-2.384	0	0	6.507
2007	7.946	2.525	176	32.545	4.427	0	0	10.933
2008	11.801	0	-824	43.522	14.902	0	0	25.835
2009	3.548	0	-25.150	21.920	-9.481	0	0	16.354
2010	10.542	0	-171	32.291	13.106	0	0	29.460
2011	-8.940	0	329	23.680	-14.921	0	0	14.540
2012	763	0	2.607	27.050	2.176	0	0	16.715
2013	1.487	0	4.848	33.386	15	0	0	16.731
2014	34.384	10	-34.590	33.190	2.529	0	0	19.259
2015	-22.807	0	25.148	35.532	1.200	0	0	20.459
2016	23.860	0	-11.113	48.279	5.845	0	0	26.304

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 5. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Heimili 2005–2016

Table 5. Total financial assets and liabilities: Households 2005–2016

	Heildarfjáreignir Total financial assets				Heildarfjárskuldbindingar Total financial liabilities			
	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12
2005	313.407	-36.543	64.888	2.177.813	224.751	0	-4.203	1.126.800
2006	444.586	142.727	45.576	2.810.702	238.118	-1	7.580	1.372.498
2007	487.414	-155.555	16.048	3.158.610	231.397	1	-1.894	1.602.001
2008	236.369	-84.713	-113.018	3.197.248	102.445	2	74.248	1.778.696
2009	234.270	21.457	-1.379	3.451.596	47.857	-20.375	90.335	1.896.512
2010	135.894	44.204	-2.082	3.629.612	-65.315	-207	10.746	1.841.736
2011	119.583	89.932	22.022	3.861.149	27.923	-180	12.333	1.881.813
2012	262.428	-129.727	40.609	4.034.459	29.886	-108	-8.008	1.903.583
2013	248.908	-21.804	46.644	4.308.207	110.686	-84	-51.150	1.963.034
2014	307.775	16.511	39.764	4.672.258	-51.548	13.938	388	1.925.813
2015	379.173	133.352	16.085	5.200.868	-36.553	-9.185	6.881	1.886.956
2016	306.186	96.291	27.765	5.631.110	51.900	-9.124	178	1.929.911

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. Million ISK at current prices.

Tafla 6. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Félagasamtök 2005–2016

Table 6. Total financial assets and liabilities: Non-Profit Institutions Serving Households (NPISHs) 2005–2016

	Heildarfjáreignir Total financial assets				Heildarfjárskuldbindingar Total financial liabilities			
	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	0	0	0	0	0	0	0	0
2009	0	0	0	0	0	0	0	0
2010	0	0	0	0	0	0	0	0
2011	0	0	0	0	0	0	0	0
2012	0	0	0	0	0	0	0	0
2013	0	0	0	0	0	0	0	0
2014	53.290	0	0	53.290	6.955	0	0	6.955
2015	8.467	-6.234	0	55.522	5.270	-165	-1	12.060
2016	6.390	-3.024	0	58.888	-13	-132	-3.051	8.864

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. Million ISK at current prices.

Tafla 7. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Útlönd 2005–2016Table 7. *Total financial assets and liabilities: Rest of the world 2005–2016*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	1.737.101	614	-45.133	3.576.034	985.112	289.723	-41	2.442.352
2006	2.833.441	-109.436	96.571	6.396.610	1.720.348	207.224	277.824	4.647.748
2007	3.422.250	-933.179	-19.630	8.866.052	1.343.106	917.595	-30.044	6.878.406
2008	7.966.317	-2.434.707	1.666.040	16.063.702	-4.113.276	369.333	1.431.118	4.565.582
2009	-167.157	-1.398.879	11.023	14.508.689	-358.018	-279.212	313.987	4.242.338
2010	722.887	-651.455	-530.631	14.049.489	146.565	-406.622	-4.956	3.977.325
2011	6.509	-516.742	-268.386	13.270.870	368.182	-116.502	-32.622	4.196.383
2012	-1.320.644	-1.213.504	-230.002	10.506.720	-259.147	129.102	142.392	4.208.729
2013	-67.604	128.788	-354.469	10.213.435	-257.578	571.545	12.660	4.535.356
2014	-264.102	341.499	-863.041	9.427.791	-1.034.083	806.678	1.141	4.309.091
2015	-4.088.509	335.243	156.541	5.831.066	-633.389	1.306.109	1.437	4.983.249
2016	-1.136.134	-117.007	-35.368	4.542.557	-1.316.618	271.104	-140.137	3.797.598

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Hagtíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series ***National accounts***

102. árg. • 20. tbl.

ISSN 1670-4770

18. október 2017

Umsjón *Supervision* Jinny Gupta • Jinny.Gupta@hagstofa.is

Björn Hrannar Björnsson • bjorn.hrannar.bjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.